

Safe Exam vafri – nemendur


Safe Exam Browser (SEB) er vafri fyrir örugg próf á netinu. Hugbúnaðurinn breytir tölvunni í örugga vinnustöð. Hann stillir tölvuna af þannig að hann lokar aðgangi að öðrum vefsíðum eða hugbúnaði á meðan próf er í gangi.

Mögulega geta próf í áföngunum sem þú er skráð(ur) í krafist notkunar á Safe Exam Browser. Þú þarft þá að hala niður SEB og setja upp á tölvuna þína áður en þú getur tekið viðkomandi próf.

Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar.

Fyrir Windows og Mac.

1. Í vafra sláðu inn eftirfarandi vefslóð:
www.safeexambrowser.org.
2. Smelltu á [Safe Exam Browser 2.1.1 for Windows](#) tengilinn eða [Safe Exam Browser 2.1 for Mac OS X](#).
3. Á næstu síðu skaltu smella á **bláu örina** efst á síðunni.



The screenshot shows the top of the Safe Exam Browser website. It features the SEB logo and navigation links for English and Deutsch. Below the logo, there is a 'News' section with two entries. The first entry, dated December 3, 2015, mentions a presentation at OEB 2015. The second entry, dated November 16, 2015, is circled in red and states: 'Safe Exam Browser 2.1.1 for Windows is compatible with Windows 10, contains improvements for Windows 8.1/10 tablets and increases general stability:'. Below the news, there is a 'Windows' section with a download link and a red circle containing a download icon.

Efst á síðunni sem kemur upp eru upplýsingar um að niðurhal hefst etir ___ sekúndur.



The screenshot shows a dark-themed download page for Safe Exam Browser. It features the SEB logo and the text 'Download of seb will start in 0 seconds...'. Below this, there is a link for 'direct link' and a link for 'mirror'. A red circle highlights the download icon in the top right corner of the page.


4. Þegar skráin hefur verið sótt, þá skal velja hana og fara í gegnum uppsetningu.

Að lokinni uppsetningu birtist þetta tákn á skjáborðinu:




Til að virkja forritið með Moodle, þarf að gera eftirfarandi:

1. Velja gulu möppuna neðst á skjánum.
2. Velja þar **Windows (C:)**
3. Þar skal velja **Forritsskrár (x86)** eða **Program Files (x86)**
4. Skruna niður þar til þú finnur **Safe Exam Browser** möppuna og opna hana.
5. Tvísmella á **SEBConfig Tool**




6. Velja **General** flipann



7. Í **Start Url** skal setja:

<http://moodle.verslo.is>

8. Smella síðan á Config File flipann og velja **Save Settings As**
9. Gefa skránni nafn (t.d. **MoodleSEB**) og velja Vista.
10. Þá skal velja **Open Settings** og hægri smella á (MoodleSEB) og velja **senda til skjáborð(búa til flýtleið)**. Gráleitt tákn birtist þá á skjáborðinu.



Að taka próf í Moodle

Til að taka próf í Moodle sem krefst **Safe Exam Browser**:

1. Tvísmelltu á **gráa táknið** á skjáborðinu (**MoodleSEB**)
2. Skráðu þig inn með Moodle aðganginum þínum.
3. Veldu áfangann.
4. Smelltu á prófatengilinn og taktu prófið.
5. Að prófi loknu skaltu velja **SEB Quit** hnappinn sem er neðst í hægra horni skjásins.